

Mál nr. 258/2014

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Miklubraut í Reykjavík vestan Grensásvegar hinn 7.7.2014.**Gögn.**

132. Málskot, móttakið 19.8.2014, ásamt fylgigögnum.

133. Bréf Y, dags. 1.9.2014, ásamt fylgigögnum.

134. Tölvuskeyti X, dags 15.9.2014.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Miklubraut. Vestan Grensásvegar skipti ökumaður A um akrein til hægri. Rákust þá saman hægra afturhorn A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að fara á milli akreina og engan bíl séð í spegli. Þá hafi B verið komin, sem greinilega hafi verið á mikilli ferð, og farið aðeins utan í A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 80 km hraða á klst. og verið nýbúinn að skipta um akrein þegar A hafi verið ekið á vinstri framenda B við það að aka yfir á þá akrein sem B var á. Kvað ökumaður B að A hafi verið ekið of hratt.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Báðum ökömönnum bar að gæta að þessu er þeir skiptu um akrein í umrætt sinn. Ljóst er að B var komin á akreinina til hægri þegar ökumaður A hugðist skipta um akrein og hann vissi ekki af ferðum B fyrir aftan sig eða til hliðar við sig áður en árekstur varð. Ökumaður A hefur því ekki gætt þeirrar varúðar við akreinaskiptin sem af honum mátti krefjast. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa. Á Miklubraut, þar sem áreksturinn varð, er leyfilegur hámarkshraði 60 km á klst. Fyrir liggur að ökumaður B var nýbúinn að skipta um akrein þegar áreksturinn varð auk þess sem hann ók á 80 km hraða á klst. eða nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða. Með því að aka svo hratt sem raun ber vitni í þann mund sem hann skipti um akrein til hægri hefur hann ekki gætt þeirrar varúðar eða tillitssemi sem af honum mátti krefjast við aksturinn. Á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 2/3 hluta sakar á ökumann A og 1/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 3. október 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.